



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 17. september 2021
SFS2021090155
HG/sp/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi

Á fundi borgarráðs, 9. september 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi. Margir deila þeim áhyggjum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið að ræða við íbúa og starfsmenn skólanna í hverfinu vegna framtíð skólamála í ljósi þess að næstu ár verður byggt mikið á svæðinu. Skólarnir eru hins vegar sprungnir og það þarf að gera eitthvað. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort verið sé að ræða þessi mál hjá borgaryfirvöldum og finna lausnir til framtíðar?

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 var samþykkt að setja af stað starfshóp sem hefði það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögum um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Starfshópin skipuðu:

Hafdís Guðrún Hilmarisdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjórar á SFS
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri
Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla
Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugarlækjarskóla
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjadeildar USK
Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla
Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri, frístundamála SFS
Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri, grunnskólamála SFS

Til ráðgjafar við hópinn var Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor við menntavísindasvið HÍ.

Starfshópurinn skilaði tillögum af sér síðastliðið vor og unnið er að úrvinnslu þeirra sviðsmynda sem þar voru lagðar fram. Svar við lokalið fyrirspurnarinnar er því jákvætt, unnið er að lausn til framtíðar á grundvelli þeirra sviðsmynda sem fyrir liggja.